

## **Burðarþolshönnun**

Við hjá BM Vallá státum af færustu sérfræðingum hér á landi í hönnun forsteypra húseininga.

Í hönnunardeild okkar snýst allt um að þjónusta viðskiptavinum okkar sem best. Hönnuðir okkar nota sérhæfðan hugbúnað við sína vinnu, sem tryggir bestu mögulegu niðurstöðu, auk þess sem hægt er að sjá húsið í þrívídd áður en framleiðsla hefst.

## **Samstarf**

Við erum í samstarfi við arkitekta og aðra hönnuði þeirra húsa sem við framleiðum með tilliti til burðarþols. Við tryggjum að framleiðsla okkar uppfylli væntingar viðskiptavina okkar með öflugu innra og ytra eftirliti.

BM Vallá hefur vottun á framleiðslu sinni frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins eins og krafist er í íslenskri byggingareglugerð. Að auki er framleiðsla okkar unni samkvæmt Evrópustaðlinum En13369

Einning höfum við fengið vottun á framleiðslu okkar frá Brunamálastofnun Íslands

## **Stefna og markmið**

Við höfum í raun einfalda stefnu og einföld markmið. Þau helstu eru að uppfylla væntingar viðskiptavina og veita góða þjónustu, að vera í fararbroddi í framleiðslu og hönnun forsteypra húseininga og að hafa á að skipa hæfu, vel þjálfuðu og ánægðu starfsfólki.

